



FS: Hundur í skólastofunni - umsókn - Rimaskóli - Dagný Gísladóttir

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2024040253

Eigandi skjals: Snæfríður Halldórsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 19.04.2024

Dagsetning skjals: 17.04.2024

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Heilbrigðiseftirlit"

<heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>

Notandi: "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>

Dagsetning: 17.4.2024 09:11:52

Til: "Snæfríður Halldórsdóttir" [REDACTED]

Efni: FS: Hundur í skólastofunni - umsókn - Rimaskóli - Dagný Gísladóttir

kv. SJJ

Frá: Dagný Gísladóttir [REDACTED]

Sent: þriðjudagur, 16. apríl 2024 14:05

Til: Heilbrigðiseftirlit <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>

Afrit: Þórunna Rósa Ólafsdóttir [REDACTED]; Dagný

Gísladóttir [REDACTED]


Efni: Hundur í skólastofunni - umsókn - Rimaskóli - Dagný Gísladóttir


Heil og sæl,

Hér er umsókn um leyfi til að hafa hund í Rimaskóla. Verkefnið Hundur í skólastofunni.

Bestu kveðjur,

Dagný Gísladóttir, kennari í Rimaskóla

Þórunna Rósa Ólafsdóttir, skólastjóri í Rimaskóla  - Umsókn - hundur í skólastofunni -

heilbrigðiseftirlitið.pdf  - Umsókn - hundur í skólastofunni - Heilsufarsskírteini.pdf

Efni: Umsókn um undanþágu fyrir heimsóknir hundsins Réttarholts Esju Orku í grunnskóla. Orka er fædd 6.6.2018 og er af tegundinni Labrador retriever. Ættbókarnúmer: IS25120/18 og örmerki: 352206000126237

Dagný Gísladóttir, kennari í Rimaskóla, Rimaskóli Rósaríma 11, 112 Reykjavík sækir hér með um leyfi skv. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sem segir: „Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3“. Skv. 3. tl. sömu greinar „getur heilbrigðisnefnd heimilað að farið sé með gæludýr inn í stofnanir, svo sem skóla eða bókasöfn, í afmarkaðan tíma. Kveða skal á um slíkt í starfsleyfi eða gefa út einstakt leyfi fyrir stakar heimsóknir ef slíkar heimsóknir eru ekki með reglubundnu millibili. Í skilyrði slíks starfsleyfis eða leyfis skal m.a. kveða á um heilbrigði og hreinsun dýrsins, leyfi sem dýrið skal hafa, tíma sem dýrið dvelur á staðnum hverju sinni, hvar dýrið má vera í húsnæði stofnunarinnar og þrif á húsnæði. Fullnægjandi þrif skulu fara fram strax að loknum viðburði. Sé um að ræða hund eða kött skal upplýsa greinilega í fjórar vikur eftir að viðburði er lokið að hundur eða köttur hafi verið í húsnæðinu“.

(X) Sótt er um breytingu á starfsleyfi Rimaskóla þannig að kveðið verði á um í starfsleyfi að heimsókn hundsins *Orku* verði heimilar.

(X) Sótt er um leyfi fyrir heimsókn/heimsóknir að jafnaði tvo daga í viku á starfstíma skólans.

Fyrirkomulag verkefnis:

Hundur kemur í skólann á mánudögum og fimmtudögum, getur breyst en að jafnaði 1-2 daga í viku. Hundurinn dvelur í skólanum í um 7 klukkustundir í senn.

- Leið sem hundurinn fer inn og út og rými sem hann dvelur í: Sjá teikningu af skólabyggingu og þeirri leið sem verður notuð. Hundur dvelur alla jafna í stofu 10 og fer stystu leið inn og út úr byggingunni. Í undantekningartilfellum starfar hundur í annarri stofu með eiganda.
- Sérstakar ráðstafanir vegna þrifa: Stofan verður þriffin reglulega, sópuð/skúruð í lok dags þá daga sem hundurinn dvelur í rýminu.
- Sérstakar ráðstafanir vegna öryggismála: Hundurinn er í skólastofu númer 10 þar mun hann vera með hundabúr og mottu/bæli. Eigandi hunds er ávallt með honum þegar hann er í vinnu með nemendum. Ef eigandi fer úr skólastofunni er hundurinn í búi á meðan. Hundurinn fer í heilsufarsskoðun reglulega og fær þær bólusetningar og orma lyf sem dýralæknir mælir með.

Ábyrgðarmaður verkefnis/aðili sem getur gefið frekari upplýsingar:

Dags. 13/4 2024

Dagný Gísladóttir, kennari


Undirskrift Dagný Gísladóttir


Undirskrift skólustjóra Þórunna Rósa Ólafsdóttir



Nafn: Réttarholts Esju Orka

Dýrategund: Labrador

Kyn: kvk

Fæðingardagur: 06.06.2018

Litur: Svört

Örmerki 
352206000126237

Eigandi: _____

Helmilisfang: _____

Sími: _____

Fædd 10:25 395gr. 1/7

Hvolpa/kettlingaskoðun

Dagsetning: 30/7 '18

Almennt heilbrigði: Gott 4,5 kg

Meðferð: ormahr / örmerking

Athugasemdir: ÷ *jeio*

Aðgerðir

Bólusetningar



Dagsetning	Sjúkdómur	Bóluefni	Framleiðslunúmer	Dýralæknir	Næsta koma
30/7 '18	Parvo/HCC			JSB	28/8 '18
3/9/18	—	Recombitek		fallböggj	24-26/9/18
24/9 2018	—			JSB	Sept. 2019
25/10'19	—			LB	Ok't '21
14/2 '22	—			JSB	Feb '24
6/2 '24	—	Ns 2GG		JSB	Feb '26





Almennar skoðanir og meðhöndlunir

25/10/19 Osmalyt m/heim

14/2 '22 Praxitel ~~2~~ 3 föflusglóti

9/1 '24 Praxitel v: 26kg





RE: Undanþága fyrir heimsókn hunds í Rimaskóla

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2024040253

Eigandi skjals: Snæfríður Halldórsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 30.04.2024

Dagsetning skjals: 29.04.2024

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Daníel Benediktsson"

Notandi: "Daníel Benediktsson"
Dagsetning: 29.4.2024 12:56:41
Til: "Snæfríður Halldórsdóttir"
Efni: RE: Undanþága fyrir heimsókn hunds í Rimaskóla

Sæl Snæfríður

Já við samþykkjum þetta tilraunaverkefni.

Bestu kveðjur,

Daníel Benediktsson

Verkefnastjóri fasteigna- og búnaðarmála

Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

Frá:

Sent: mánudagur, 29. apríl 2024 10:34

Til: Daníel Benediktsson

Efni: Undanþága fyrir heimsókn hunds í Rimaskóla

Tilvísun í mál: 2024040253

Sæll Daníel,

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur móttengið umsókn um undanþágu fyrir heimsóknir hunda í grunnskóla, Rimaskóla. Sótt er um breytingu á starfsleyfi Rimaskóla þannig að kveðið verði á um í starfsleyfi að heimsókn hunda verði heimilar.

Skv. 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti getur heilbrigðisnefnd heimilað að farið sé með gæludýr inn í stofnanir, svo sem skóla eða bókasöfn, í afmarkaðan tíma. Kveða skal á um slíkt í starfsleyfi eða gefa út einstakt leyfi fyrir stakar heimsóknir ef slíkar heimsóknir eru ekki með reglubundnu millibili. Í skilyrði slíks starfsleyfis eða leyfis skal m.a. kveða á um heilbrigði og hreinsun dýrsins, leyfi sem dýrið skal hafa, tíma sem dýrið dvelur á staðnum hverju sinni, hvar dýrið má vera í húsnæði stofnunarinnar og þrif á húsnæði. Fullnægjandi þrif skulu fara fram strax að loknum viðburði. Sé um að ræða hund eða kött skal upplýsa greinilega í fjórar vikur eftir að viðburði er lokið að hundur eða köttur hafi verið í húsnæðinu.

Þetta er erindi sem þarf að fara fyrir Heilbrigðisnefnd og við þurfum að setja skilyrði. Við mundum gjarnan vilja fá staðfestingu frá þér um að sviðið samþykki þetta.

Sambærilegt erindi kom á borð hjá okkur fyrir Vogaskóla 2019, Fossvogsskóla 2022

og Brúarskóla 2023.

Það er heilbrigðisnefndarfundur á dagskrá 16. maí næstkomandi og stendur til að leggja málið fyrir þá.

Með kveðju,
Snæfríður Halldórssdóttir, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur; Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík

s: 411 1111, t-póstur: [REDACTED]

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Efni: Beiðni um undanþágu fyrir heimsóknir hunda í skólastofur í Rimaskóla sbr. 19. gr. rlg um hollustuhætti

Vísað er til erindis Rimaskóla 17. apríl 2024, þar sem óskað er eftir undanþágu heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir heimsóknir hundsins Réttarholts Esju Orka, ættbókarnr: IS25120/18, örmerki: 352206000126237 í skólastofur skólans sbr. 19. gr. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 með síðari breytingum.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt enda verði heimsóknirnar í samræmi við það sem kemur fram í umsókn og að uppfylltum neðangreindum skilyrðum. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi Rimaskóla.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum segir: „Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3“. Skv. 3. tl. sömu greinar „getur heilbrigðisnefnd heimilað að farið sé með gæludýr inn í stofnanir, svo sem skóla eða bókasöfn, í afmarkaðan tíma. Kveða skal á um slíkt í starfsleyfi eða gefa út einstakt leyfi fyrir stakar heimsóknir ef slíkar heimsóknir eru ekki með reglubundnu millibili. Í skilyrði slíks starfsleyfis eða leyfis skal m.a. kveða á um heilbrigði og hreinsun dýrsins, leyfi sem dýrið skal hafa, tíma sem dýrið dvelur á staðnum hverju sinni, hvar dýrið má vera í húsnæði stofnunarinnar og þrif á húsnæði. Fullnægjandi þrif skulu fara fram strax að loknum viðburði. Sé um að ræða hund eða kött skal upplýsa greinilega í fjórar vikur eftir að viðburði/námi er lokið að hundur eða köttur hafi verið í húsnæðinu“.

Heimilt er að hleypa hundi inn í skólastofu 10, Rimaskóla, Rósaríma 11, sbr. umsókn.

Mikilvægt er að tryggja að farið sé að þeim hollustuháttakröfum sem gerðar eru vegna hugsanlegs smits, ofnæmis og ónæðis sem hundar geta valdið þegar farið er með þá inn á staði þar sem almenningur dvelur.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal vera geðgóður, hreinn, heilbrigður og ormahreinsaður.
- Hundurinn skal hafa tilskilin leyfi samkvæmt þeim reglum sem settar eru í sveitarfélaginu þar sem hann á heima.
- Hundurinn skal ekki dvelja lengur í húsnæðinu en heimsóknin stendur yfir eða 7 klst.
- Merkja skal greinilega að hundur sé í húsnæðinu og skulu merkingar vera gestum sýnilegar áður en þeir fara inn í húsnæði Rimaskóla.

5. Tryggja skal að börn, forráðamenn og starfsfólk sem ekki geta umgengist hunda vegna ofnæmis, sýkingar, ónæmisbælingar eða hræðslu komast ekki í nálægð við hundinn.
6. Hundurinn skal vera með ól og í taumi á meðan hann er í húsnæðinu.
7. Hundurinn skal ávallt vera með starfsmanni.
8. Hundurinn skal vera á afmörkuðu svæði þar sem heimsóknin fer fram þ.e. skólastofu 10, og fara beinustu leið til og frá rýminu þar sem heimsóknin fer fram og ekki fara um önnur svæði skólans.
9. Þrífa skal svæðið sérstaklega að lokinni hverri heimsókn.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Snæfríður Halldórsdóttir
heilbrigðisfulltrúi